

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/1237*  
*komudagur 27.2.2007*

Til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis  
umsögn v. 0387-stjfrv.

Ég þakka fyrir að fá tækifæri til að gera frekari athugasemdir eftir að breytingartillögur hafa komið fram.

Því miður tel ég að þær séu ekki til að bæta frumvarpið. Ágætt er að börn skuli tekin út en athugasemdir okkar gilda enn um aðra ættingja sem upp eru taldir. Einnig má telja varasamt að veita heimild til að leggja fram staðfestingu á því að viðkomandi sé ekki haldinn einhverjum sjúkdómi. Ef váttrygðei getur ekki lagt fram slíka staðfestingu einhverra hluta vegna eða kýs ekki að gera svo, er staða viðkomandi gerð tortryggileg.

Fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands legg ég til að frumvarp þetta verði ekki samþykkt.

Með vinsemd,

Guðrún Agnarsdóttir